

Ár 2002, mánudaginn 22. júlí er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands haldið af Halldóri Halldórssyni.

Fyrir er tekið

Mál nr. 1/2002
Beiðni Lyfjaráðs ÍSÍ um bráðabirgðabann

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta er höfðað með beiðni Lyfjaráðs Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands dagsettri og mótttekinni á skrifstofu ÍSÍ 17. júlí sl.

Kærður er Lárus Einar Huldarson kt. 310373-5089, knattspyrnumaður í meistaraflokki Þróttar Reykjavík.

Kröfur kæranda. Þess er krafist að Dómstóll ÍSÍ úrskurði nefndan leikmann í bráðabirgðabann við þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda innan þeirra.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól ÍSÍ fékk mál þetta til afgreiðslu 18. þessa mánaðar en formaður og varaformaður dómstólsins eru fjarverandi.

Í málinu eru eftirfarandi skjöl lögð fram:

Nr. 1 Krafa um bráðabirgðabann

Nr. 2 Bréf Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ til Lyfjaráðs ÍSÍ

Nr. 3 Lyfjaeftirlitsblað nr. 584 varðandi töku sýnis

Nr. 4 Bréf Huddinge Universitetssjúkhus dags. 10. júlí sl.

II.

Í beiðni kæranda kemur fram að kærði hafi gefið sýni við reglubundið lyfjaeftirlit föstudaginn 21. júní sl. Niðurstöður rannsóknar sýnisins hafi leitt í ljós að það innihélt efedrín og pseudoefedrín í óleyfilegum styrk samkvæmt lista Alþjóða Ólympíunefndarinnar yfir bönnuð efni og aðferðir.

Einnig kemur fram að íþróttamaðurinn hafi óskað eftir því að B-sýni verði einnig greint og að það verði gert eins skjótt og kostur er. Kærandi telur að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum séu verulegar líkur á að kærði hafi gerst brotlegur við lög ÍSÍ sem leiði til óhlutgengi skv. 44.sbr.46.gr.laga ÍSÍ. Með vísan til greinar 48.2 laga ÍSÍ er þess óskað að Dómstóll ÍSÍ úrskurði kærða í bráðabirgðabann skv. grein 36.3 sbr. grein 28 laga ÍSÍ.

III.

Þetta mál er fyrsta þessarar tegundar eftir gildistöku nýrra laga ÍSÍ sem samþykkt voru á Íþróttáþingi síðastliðið vor. Fyrir gildistöku laganna hafði Lyfjaráð ÍSÍ heimild til að úrskurða íþróttamenn í tímabundið bann ef merki um notkun ólöglegra lyfja fundust við lyfjaeftirlit. Þessi heimild er nú ekki lengur til staðar hjá Lyfjaráði og heyrir málið samkvæmt nýjum lögum ÍSÍ undir Dómstól ÍSÍ og er málinu þannig réttilega beint til Dómstólsins. Í beiðninni er réttilega vísað til greinar 36.3 í lögum ÍSÍ. Í þeirri grein kemur fram að ef verulegar líkur eru á að íþróttamaður verði úrskurðaður

óhlotgengur geti Dómstóll ÍSÍ úrskurðað íþróttamanninn í bráðabirgðabann. Dómari málsins hefur rætt við kærða og gefið honum kost á að halda uppi vörnum í málinu sbr. ákærði 28. laga ÍSÍ. Kærði hefur upplýst að hann geri ekki athugasemdir við að verða settur í bann til bráðabirgða en hann muni halda uppi vörnum í málinu þegar og ef til kæru kemur eftir að niðurstaða úr B-sýni liggur fyrir.

Af þeim gögnum sem hafa verið lögð fram í dóminum er það mat dómsins að verulegar líkur séu á því að kærði hafi gerst sekur um háttsemi sem telst brot gegn lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar. Brot kærða er líklegt til að leiða til þess að kærði verði dæmdur óhlotgengur sbr. grein 36.2.d í lögum ÍSÍ og þykir því rétt með vísan til greinar 36.3 að taka kröfu kæranda til greina. Af ákvæðum greinar 36.3 leiðir að bannið getur ekki staðið lengur en í fjórar vikur. Hafi endanleg kæra ekki komið fram innan þess tíma og dómur gengið í málinu skal Dómstóll ÍSÍ taka málið fyrir aftur og ákveða hvort bráðabirgðabann þetta verður framlengt eða fellt úr gildi. Af þessum sökum þykir rétt að úrskurða kærða í fjögurra vikna bann frá því að honum hefur verið tilkynnt um bannið. Þann dag verður málið tekið fyrir á ný nema endanlegur dómur hafi þá þegar gengið í málinu.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól ÍSÍ kveður upp úrskurð þennan. Úrskurðurinn er sendur með símbréfi til skrifstofu ÍSÍ sem mun annast birtingu hans fyrir kærða og tilkynna KSÍ og Þrótti Reykjavík um niðurstöðu úrskurðarins.

Úrskurðarorð

Lárus Einar Huldarson kt. 310373-5089 er óhlotgengur til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, sérsambanda þess og félaga eða deilda innan sérsambanda ÍSÍ í fjórar vikur frá birtingu þessa úrskurðar.

Halldór Halldórsson (sign)